BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

**ALÞINGI**
**Velferðarnefnd**
*B.t. Kolbrúnar Áslaugar Baldursdóttur,*
*formanns nefndarinnar*

Sent í umsagnargátt Alþingis
*Reykjavík, 9. nóvember 2026*

## Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðbragða við lyfjaskorti o.fl., þskj. 256 – 232. mál, 158. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðbragða við lyfjaskorti o.fl. Samtökin styðja markmið frumvarpsins um að styrkja viðbúnað og viðbrögð stjórnvalda vegna lyfjaskorts. Samtökin telja þó mikilvægt að við meðferð málsins verði sérstaklega hugað að stöðu dýralyfja og aðgengi bænda að nauðsynlegum lyfjum fyrir búfé.

### Samantekt umsagnar:

- Bændasamtökin **styðja markmið frumvarpsins um aukið lyfjaöryggi** en leggja áherslu á að við framkvæmd þess verði tekið **sérstakt tillit til sérstöðu dýralyfja** og þarfa ólíkra greina matvæla- og landbúnaðarframleiðslu, þar á meðal landeldis.
- Við ákvörðunum um birgðaskyldu dýralyfja verði lagt mat á framboð og verð og þess **gætt að auknar kvaðir leiði ekki til skerts framboðs** dýralyfja.
- Við fyrirhugaða heildarendurskoðun á verðlagningu og smásölu dýralyfja verði sérstaklega **horft til framboðs, kostnaðar og samkeppnishæfni** íslenskrar matvæla- og landbúnaðarframleiðslu.
- Í samræmi við **ályktun Búnaðarþings 2026** verði tekið til skoðunar **hvort rýmka megi heimildir dýralækna til að afhenda bændum skilgreindar lágmarksbirgðir** tiltekinna lyfja, innan skýrs regluverks og undir faglegri leiðsögn dýralæknis.
- Jafnframt verði skoðað hvort heimila megi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, **beina afhendingu tiltekinna dýralyfja frá heildsöluleyfishafa til rekstraraðila** í landbúnaði gegn gildri lyfjaávísun dýralæknis.
- Tryggt verði virkt samráð við Bændasamtök Íslands og fulltrúa dýralækna við mótun og útfærslu reglna um birgðahald, afhendingu og aðgengi að dýralyfjum. Þá taki samráð jafnframt mið af þörfum einstakra framleiðslugreina, þ.m.t. landeldis.

Frumvarpið felur meðal annars í sér breytingar sem varða viðbrögð við lyfjaskorti og birgðahaldi og tekur að hluta sérstaklega til lyfja fyrir dýr. Lög nr. 14/2022 um dýralyf hafa það að markmiði að tryggja gæði og öryggi dýralyfja með öryggi og velferð dýra að leiðarljósi. Markmið laganna er einnig að tryggja öryggi og heilnæmi matvæla úr dýraafurðum og efla baráttuna gegn ónæmi sýklalyfja. Þessi markmið þurfa að mati Bændasamtakanna að vera höfð að leiðarljósi þegar reglur um lyfjaskort, birgðahald og aðgengi að dýralyfjum eru mótaðar.

Hafa skal hugfast að Bændasamtökin gæta jafnframt hagsmuna aðila sem starfa í landeldi. Sjónarmið samtakanna um aðgengi að dýralyfjum, verðlagningu, afhendingaröryggi og dýralæknaþjónustu taka því bæði til hefðbundins landbúnaðar og fiskeldis á landi. Tryggt aðgengi að viðeigandi dýralyfjum og bóluefnum er grundvallaratriði fyrir dýraheilbrigði, dýravelferð, matvælaöryggi og rekstraröryggi þessara greina.

## I. Aðgengi að dýralyfjum og viðbrögð við lyfjaskorti

Bændasamtökin telja mikilvægt að viðbragðskerfi stjórnvalda vegna lyfjaskorts taki með skýrum og raunhæfum hætti til dýralyfja. Aðgengi að nauðsynlegum dýralyfjum er grundvallarforsenda þess að unnt sé að tryggja heilbrigði og velferð búfjár þannig að unnt sé að bregðast tímanlega við veikindum. Skortur á slíkum lyfjum getur haft áhrif velferð dýranna sjálfra sem og búfjárrekstur, matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar.

Íslenskur markaður fyrir dýralyf er smár og því sérstaklega mikilvægt að tryggja nægilegt framboð nauðsynlegra lyfja. Eitt af markmiðum reglugerðar (ESB) 2019/6, sem lögfest er með lögum nr. 14/2022, er að auka framboð dýralyfja samhliða því að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og dýra sem og á umhverfið. Að mati Bændasamtakanna verður framkvæmd reglna um lyfjaskort að styðja við þetta markmið en ekki hafa þau ófyrirséðu áhrif að draga úr framboði dýralyfja.

## II. Birgðaskylda, verðlagning og áhrif á framboð

Bændasamtökin taka undir mikilvægi þess að tryggðar séu nægar birgðir lyfja sem hafa sérstaka þýðingu fyrir heilbrigði og velferð manna og dýra. Samtökin leggja þó áherslu á að þegar um dýralyf er að ræða verði sérstaklega metið hvaða áhrif kröfur um birgðahald kunni að hafa á framboð og verð.

Vegna smæðar íslenska markaðarins geta auknar kvaðir og kostnaður við birgðahald haft hlutfallslega meiri áhrif hér á landi en á stærri mörkuðum. Þess þarf því að gæta að kröfur sem eiga að auka afhendingaröryggi leiði ekki til þess að verð dýralyfja hækki óhóflega eða að dregið verði úr framboði þeirra hér á landi. Við áhrifamat vegna slíkra ráðstafana ætti sérstaklega að líta til þess hvort raunhæfir staðgöngukostir séu tiltækir og hvaða afleiðingar skortur viðkomandi lyfs geti haft fyrir dýravelferð og búfjárrekstur.

Bændasamtökin telja jafnframt sérstakt tilefni til að endurskoða fyrirkomulag verðlagningar dýralyfja með hliðsjón af samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Kostnaður vegna dýralyfja og bóluefna fellur að verulegu leyti beint á framleiðendur og hefur því bein áhrif á framleiðslukostnað þeirra. Þetta getur haft sérstaka þýðingu í greinum þar sem lyf og bóluefni eru notuð samkvæmt skipulögðum heilbrigðis- og forvarnaráætlunum, svo sem í landeldi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að fyrirhuguð sé heildarendurskoðun á verðlagningu og smásölu dýralyfja með það að markmiði að auka samkeppnishæfni. Bændasamtökin leggja áherslu á að sú endurskoðun verði tímasett og unnin í nánu samráði við samtökin og aðra fulltrúa íslenskrar matvælaframleiðslu. Við endurskoðunina yrði þá sérstaklega horft til þess hvernig auka mætti framboð, lækka kostnað og tryggja að verðlagning dýralyfja skerði ekki samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

## III. Raunverulegt aðgengi að dýralyfjum og dýralæknaþjónustu

Bændasamtökin telja mikilvægt að umræða um lyfjaöryggi takmarkist ekki eingöngu við það hvort nægar birgðir dýralyfja séu tiltækar í landinu. Raunverulegt aðgengi þeirra aðila sem stunda búrekstur að nauðsynlegu lyfi þegar veikindi eða önnur bráð heilsufarsvandamál koma upp hjá búfé er ekki síður mikilvægt.

Búnaðarþing Bændasamtaka Íslands, haldið 23.-25. mars 2026, ályktaði um dýralæknaþjónustu og lyfjaafhendingu og beindi því til stjórnar samtakanna að vinna með atvinnuvegaráðuneytinu að því að rýmka heimildir dýralækna til að afhenda bændum lágmarksbirgðir tiltekinna lyfja svo þeir gætu brugðist fyrr en ella við heilsufarsvandamálum búfjár. Samkvæmt ályktuninni yrði notkun þeirra háð skýru samráði við dýralækni, svo sem í gegnum síma eða myndsímtal.

Bændasamtökin telja að í tengslum við umfjöllun frumvarpsins um lyfjaöryggi og aðgengi að lyfjum sé fullt tilefni til að vekja athygli á öðru nátengdu álitaefni sem varðar raunverulegt aðgengi bænda að dýralyfjum. Aðstæður í íslenskum landbúnaði eru með þeim hætti að vegalengdir geta verið miklar og aðgengi að dýralæknaþjónustu takmarkað, meðal annars vegna manneklu. Tafir á nauðsynlegri meðferð geta við slíkar aðstæður haft bein áhrif á velferð dýranna. Við mótun reglna um aðgengi að dýralyfjum þarf því að horfa til þess að tryggja velferð dýra og koma í veg fyrir óþarfa þjáningu og sársauka. Að mati Bændasamtakanna er því ástæða til að skoða hvort gera megi bændum kleift, innan skýrs og öruggs regluverks og undir faglegri leiðsögn dýralæknis, að hafa lágmarksbirgðir nánar tilgreindra lyfja svo unnt sé að hefja nauðsynlega meðferð án óþarfa tafa.

Slíkt fyrirkomulag þyrfti vitaskuld að byggjast á skýrum og ótvíræðum skilyrðum um hvaða lyf geti fallið þar undir, hvaða aðstæður réttlæti notkun þeirra og með hvaða hætti samráð við dýralækni og skráning lyfjanotkunar fari fram. Sérstaklega þyrfti að gæta að lyfjaöryggi, biðtíma afurða og vörnum gegn sýklalyfjaónæmi. Með nútímafjarskiptum eru betri forsendur en áður til að tryggja faglegt samráð við dýralækni þegar aðstæður kalla á skjót viðbrögð án þess að dýralæknir geti þegar í stað komið á staðinn.

Að mati Bændasamtakanna fara þessi sjónarmið saman við markmið laga um dýralyf fremur en að vera þeim andstæð. Í 1. gr. laganna er lögð áhersla á gæði og öryggi dýralyfja, öryggi og velferð dýra, öryggi og heilnæmi matvæla úr dýraafurðum og baráttu gegn sýklalyfjaónæmi. Leita ætti því leiða sem samræma ábyrga lyfjanotkun og þá kröfu að dýr fái nauðsynlega meðferð án tafar, óháð fjarlægðum eða skorti á dýralæknaþjónustu.

Bændasamtökin óska eftir því að nefndin taki þetta álitaefni sérstaklega til skoðunar í meðförum þingsins og kanni hvort þær breytingar sem felast í frumvarpinu gefi tilefni til að skapa skýrari lagastoð fyrir slíkt fyrirkomulag eða hvort vinna þurfi sérstakar breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum í því skyni.

Bændasamtökin telja jafnframt rétt að við fyrirhugaða endurskoðun á smásölu og dreifingu dýralyfja verði skoðað hvort heimila megi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, beina afhendingu tiltekinna dýralyfja frá heildsöluleyfishafa til rekstraraðila í landbúnaði, og þar með landeldi, gegn gildri lyfjaávísun dýralæknis.

Slík heimild gæti meðal annars átt við þegar notkun lyfja eða bóluefna byggist á fyrirfram skilgreindri heilbrigðis- eða forvarnaráætlun og tryggt sé að fagleg ábyrgð dýralæknis á vali lyfs, ávísun, meðferð og eftirfylgni haldist óbreytt. Við nánari útfærslu þyrfti jafnframt að tryggja fullnægjandi skráningu, rekjanleika, geymslu og eftirlit með notkun lyfjanna.

## IV. Sérstaða dýralyfja

Við framkvæmd þeirra úrræða sem frumvarpið mælir fyrir um þarf að taka fullnægjandi tillit til sérstöðu dýralyfja. Reglugerð (ESB) 2019/6, sem fyrr er getið, tekur sérstaklega mið af þeim sérkennum sem fylgja dýralyfjum og heilbrigði dýra og byggir beinlínis á því að þarfir dýralyfjamarkaðar séu aðrar en markaðir fyrir lyf ætluð mönnum.

Mat á alvarleika skorts eða skerts aðgengis að lyfjum þarf því að taka mið af aðstæðum við búfjárhald, áhrifum á dýravelferð, hættu á útbreiðslu sjúkdóma, mögulegum áhrifum á matvælaframleiðslu og því hvort önnur viðurkennd meðferðarúrræði séu í raun tiltæk. Einnig þyrfti að gæta að því að skortur á eða erfitt aðgengi að einu lyfi geti leitt til notkunar annarra lyfja og þannig haft óæskileg áhrif á markmið um ábyrga lyfjanotkun.

Við mat á áhrifum ákvarðana um dýralyf þyrfti jafnframt að taka mið af ólíkum framleiðsluþáttum. Skortur á tilteknu lyfi eða bóluefni getur haft mismunandi áhrif eftir búgreinum, umfangi framleiðslu, þéttleika dýra, sjúkdómaáhættu og möguleikum á staðgöngumeðferð.

Áður en teknar eru ákvarðanir um birgðaskyldu, verðlagningu eða aðrar ráðstafanir sem geta haft áhrif á framboð dýralyfja þyrfti því að leggja mat á áhrif þeirra á einstakar greinar matvælaframleiðslunnar. Sérstaklega þyrfti að mati samtakanna að meta áhrif á dýraheilbrigði, dýravelferð, sjúkdómavarnir, framleiðsluöryggi og samkeppnishæfni.

## V. Samráð við hagaðila

Mikilvægt er að fulltrúar þeirra sem nota dýralyf og sinna dýraheilbrigði komi að mótun reglna á þessu sviði. Bændasamtökin leggja áherslu á að við áframhaldandi meðferð málsins verði tekið mið af þeim sjónarmiðum um sérstöðu dýralyfja og aðgengi að þeim sem fram komu við samráð um frumvarpsdrögin.

Þegar ákvarðanir varða birgðahald, afhendingu eða aðrar ráðstafanir vegna dýralyfja er mikilvægt að stjórnvöld búi yfir upplýsingum um raunverulegar þarfir búfjárhalds, aðstæður í dreifðum byggðum og áhrif ráðstafana á dýravelferð og búrekstur. Bændasamtökin telja því rétt að tryggja sérstaklega að samráð sé haft við fulltrúa bænda og dýralækna við nánari útfærslu reglna sem varða dýralyf.

Bændasamtökin telja ekki fullnægjandi að samráð og áhrifamat vegna ákvarðana um dýralyf takmarkist við markaðsleyfishafa og heildsöludreifingaraðila. Nauðsynlegt sé að meta áhrif breytinga á verð, framboð og raunverulegt aðgengi hjá þeim sem nota lyfin við dýrahald og matvælaframleiðslu.

Lagt er til að í lögum eða nefndaráliti verði kveðið á um samráð við Bændasamtökin, fulltrúa dýralækna og eftir atvikum viðkomandi framleiðslugreina þegar ákvarðanir um birgðaskyldu, verðlagningu, dreifingu eða aðrar ráðstafanir varða dýralyf.

## VI. Samantekt

Bændasamtök Íslands styðja meginmarkmið frumvarpsins um að styrkja viðbúnað og viðbrögð við lyfjaskorti en leggja áherslu á að dýralyf og sérstaða þeirra fái skýrt vægi við framkvæmd laganna. Tryggja þurfi nægt framboð mikilvægra lyfja og gæta þess að kvaðir um birgðahald leiði hvorki til óhóflegrar hækkunar á verði né minni hvata til þess að markaðssetja dýralyf hér á landi.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Rétt er að horfa heildstætt á aðgengi að dýralyfjum. Nægjanlegt framboð lyfs á landsvísu tryggir ekki eitt og sér að bændur geti brugðist tímanlega við því þegar dýr þarfnast meðferðar. Í samræmi við ályktun Búnaðarþings 2026 leggja Bændasamtökin því áherslu á að samhliða meðferð frumvarpsins verði tekið til skoðunar hvort rýmka megi heimildir dýralækna til að afhenda bændum skilgreindar lágmarksbirgðir tiltekinna lyfja til notkunar undir faglegri leiðsögn dýralæknis. Við útfærslu slíks fyrirkomulags yrði öryggi lyfjanotkunar, dýravelferð, fæðuöryggi og varnir gegn sýklalyfjaónæmi haft að leiðarljósi.

Bændasamtökin leggja sérstaka áherslu á að reglur um dýralyf taki mið af þörfum allrar íslenskrar matvælaframleiðslu, þar á meðal landbúnaðar. Tryggja þarf nægilegt framboð lyfja og bóluefna, hóflegt verð, raunhæfar dreifileiðir og faglega ábyrgð dýralækna.

Að lokum er lögð áhersla á að haft verði virkt samráð við Bændasamtök Íslands og fulltrúa dýralækna við nánari útfærslu reglna sem varða birgðahald, afhendingu og aðgengi að dýralyfjum.

Með vísan til framangreinds eru fulltrúar Bændasamtaka Íslands reiðubúnir til frekara samráðs um efni umsagnarinnar og til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum samtakanna fyrir nefndinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Margrét Ágústa Sigurðardóttir
*framkvæmdastjóri*

Elín Jónsdóttir
*lögfræðingur*